

## Fundur í fagráði loftræsikerfa nr. 2 tímabilið 2013-2014

<b>Fundarefni:</b>	Úttekt á lokafrágangi lagnakerfa.		
<b>Fundardagur:</b>	25.09.2013	<b>Fundartími:</b>	16:00 – 17:00
<b>Fundarstaður:</b>	Verkís, Ármúla 4	<b>Fundarritari:</b>	Kjartan
<b>Fundarmenn:</b>	Guðmundur Jónatansson (GJ) Karl Hákon Karlsson (KHK) Kjartan Mar Eiríksson (KME) Kristján Oddur Sæbjörnsson (KOS) Sigurgeir Þórarinsson (SP) Kristján Ottóson (KO)		
<b>Dreifing:</b>	Fundarmenn og Gunnar Björn Guðbjörnsson		

KOS kynnti áform Mannvirkjastofnunar og Lagnafélagsins um breytingar á köflum 3.8 um öryggisúttekt og 3.9 um lokaúttekt í byggingarreglugerð nr. 112.

Gera á sömu kröfur í öryggisúttekt og lokaúttekt til frágangs, stillinga og prófana allra lagnakerfa svo uppfylla megi kröfur um hollustuhætti og koma í veg fyrir notkun hálfkláraðra kerfa fram að lokaúttekt. Einnig þarf að gera kröfu um það að einhver einn ákveðinn fagaðili sé ábyrgur fyrir því að kerfin virki eins og hönnun þeirra gerir ráð fyrir. Hlutverk hans yrði þá meðal annars að halda utanum samskipti milli viðkomandi iðnmeistara og hönnuða eftir þörfum.

Fundarmenn sem tóku til máls á meðan að á kynningunni stóð voru í meginatriðum sammála um nauðsyn áformaðra breytinga.

Að lokinni umræðu um áformaðar breytingar á byggingarreglugerð hófst umræða um skoðunarstofur og skoðunarmenn.

Fundarmenn töldu að skoðunarstofur verði að vera einkareknar og að skoðunarmenn lagnakerfa verði að hafa sérfræðiþekkingu til þess að taka þau út. Til greina kæmi að Mannvirkjastofnun gæfi skoðunarmönnum sérstakt leyfi til þess þegar hún verður í stakk búin til þess.

Á fundinum kom fram að ekki sé lengur krafist yfirlýsingar frá hönnuðum lagnakerfa við lokaúttekt. Nú skal eftirlitsaðili yfirfara hönnunargögn og samþykkja áður en byggingarleyfi er gefið út.

Fundarmenn töldu það frekar til bóta að hönnuðir skuli leystir unda þeirri skyldu að gefa út yfirlýsingu um eitthvað sem þeir höfðu ef til vill ekki tök á að fylgjast nægilega vel með í framkvæmd.

Stjórn lagnafélagsins hefur ákveðið að halda ráðstefnu á haustmánuðum um gerð hönnunargagna til úttektar á lokafrágangi lagnakerfa, framkvæmd hennar og úttektaraðila. Ráðstefnugestir munu fá tækifæri til þess að leggja fram fyrirspurnir og myndaðir verða vinnuhópar til samantektar á umfjöllunarefni ráðstefnunnar.

Boðað verður til næsta fundar við fyrsta tilefni.